

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 283/2022

frá 28. október 2022

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1833 frá 14. júlí 2021 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB til að tilgreina viðmið um það hvenær starfsemi telst vera viðbót við aðalstarfsemi á samstæðustigi ⁽¹⁾.
- 2) Framseld reglugerð (ESB) 2021/1833 fellir úr gildi framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/592 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 31bazi (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/592) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„32021 R 1833: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1833 frá 14. júlí 2021 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB til að tilgreina viðmið um það hvenær starfsemi telst vera viðbót við aðalstarfsemi á samstæðustigi (Stjtið. ESB L 372, 20.10.2021, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1833, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. október 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 372, 20.10.2021, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 492.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. október 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

ÓOPINBER ÞÝÐING